

# FAGMENNNSKA Í SKÓLASTARFI

Skrifað til heiðurs Trausta Þorsteinssyni

Ritstjórar  
Rúnar Sigþórsson  
Rósa Eggerts dóttir  
Guðmundur Heiðar Frímannsson



HÁSKÓLAÚTGÁFAN

Reykjavík 2013

## Starfsþróun og varanlegar breytingar í skólastarfi

Byrjendalæsi í ljósi fræða um starfsþróun

**B**yrjendalæsi er samvirkt líkan<sup>1</sup> sem notað er í læsiskennslu í 1. og 2. bekk grunnskóla og er aðferð sem segja má að falli mitt á milli eindaraðferða og heildaraðferða. Lesari styðst þá samtímis við þekkingu á sviði orðaforða, ritháttar, merkingar og setningarfræði (Rumelhart, 1985). Í kennslunni er mikil áhersla lögð á samræðu um efni textans og að hjálpa nemandanum við að stjórna lestrarferlinu á meðvitaðan hátt. Gengið er út frá því að kennarar noti margvísleg og fjölbreytt viðfangsefni sem draga fram gildi aðferða við árangursríkan lestar (Ruddel og Speaker, 1985). Lesið er upphátt fyrir nemendur úr bókmenntum og fræðitexta og efnið rætt. Leiðin að sjálfstæðum lestri er í gegnum ú rval af texta, ritun til samskipta og fjölbreytilegum þátttökulestri. Með þessari nálgun er hljóðvitund jafnframt fléttad inn í ásamt sambandi stafs og hljóðs, leturvitund, skoðun á orðum og myndun orða og sjálfsmati.

Frá hausti 2006 hafa grunnskólar átt kost á að innleiða starfshætti Byrjendalæsis í samvinnu við Miðstöð skólaþróunar við Háskólan á Akureyri (MSHA) og vorið 2013 höfðu 47% grunnskóla á Íslandi og vel yfir 400 kennarar og um 55 leiðtoga sérhæft sig í aðferðinni. Höfundur átti frumkvæði að notkun líkansins og hefur með öðrum ráðgjöfum unnið að innleiðingu þess í fjölda skóla frá árinu 2005.

Ekert starfsþróunarlíkan er svo vel hugsað í upphafi að í því sé fyrirfram gert ráð fyrir öllum þörfum kennara meðan á innleiðingu stendur, en starfsþróunarlíkan Byrjendalæsis er að verulegu leyti byggt á sjónarmiðum fræðimanna um starfsþróun frá því fyrir síðustu aldamót. Samhliða innleiðingu kerfisins hafa því vaknað ýmsar spurningar hjá ráðgjöfum um hversu vel þörfum kennara sé mætt og hafa þeir stigið ýmis umbótakref til að mæta þeim.

<sup>1</sup> Hin hefðbundna skilgreining á kennslulíkönum (e. models of teaching) felur í sér lýsingu á kennsluumhverfi og hvernig kennarar lítu á hlutverk sitt við tilteknar aðstæður. Í þeim er fjallað um áætlanagerð, markmið og kennslugög. Nýrr sýn á áhrifarík kennslulíkön er sú að þau leiði til árangurs í námi og enn fremur að nemendur læri að læra (Joyce, Weil og Cahoun, 2004, 7 og 25). Byrjendalæsi felur hvoru tveggja í sér. Í huga kaflahöfundar er hugtakið kennsluaðferð þrengra en líkan, eigi að síður verða þessi hugtök notuð hér sem samheiti.

Markmið þessa kafla er að leita svara við nokkrum þeirra spurninga sem vaknað hafa um starfsþróunarlíkön og þá einkum þau svið starfsþróunar sem gætu styrkt Byrjendalæsislíkanið. Spurningarnar varða þá málaflokka sem hér eru taldir upp og skáletraðir:

- *Meginsjónarmið fræða um starfsþróun.* Hafa áherslur fræðasamfélagsins breyst verulega síðastliðinn áratug? Skiptir máli hvort breytingaverkefni er aðfengið eða verður til innan veggja skólanna sjálfra? Er umfang Byrjendalæsis sem breytingastarfs í skólum vanmetið?
- *Skólamenning og forysta.* Hver er þáttur skólamenningar í þróunarstarfi? Hvernig er unnið að breytti skólamenningu? Hvaða krafta innanhúss þarf að virkja og styrkja til að breyta skólamenningu? Hefur forysta skólastjóra verið nægilega virkuð við innleiðslu Byrjendalæsis? Geta ráðgjafar Háskólaans á Akureyri haft áhrif á þróun skólamenningar í Byrjendalæsskólum?
- *Mat á þróunarstarfi.* Hvernig leggja fræðin til að árangur þróunarstarfs verði metinn? Hvernig falla þau sjónarmið að því mati sem lögð er áhersla á við innleiðingu Byrjendalæsis?

Kaflinn sem hér fer á eftir skiptist í sex undirkafla. Auk inngangs er stutt kynning á lestrarlíkani Byrjendalæsis og starfsþróunarlíkani þess. Þar næst koma þrí kaflar sem hver um sig víesar til ofangreindra málaflokka og spurninga þar að lútandi. Kaflanum lýkur svo með samantekt.

## BYRJENDALÆSI

Hugtakið læsi eins og það er notað í þessum kafla nær yfir lestur, ritun, hlustun og tal (Lesley, 2001; Wells, 1986) og í Byrjendalæsi er þetta fernt samþætt. Litið er á ritmálið sem félagslegt fyrirbæri og farveg hugsunar og skilnings þar sem nemendur eru í senn neytendur og veitendur. Byrjendalæsi snýst því eðli máls samkvæmt um margvíslega læsistengda þætti en í kennslulíkáninu er einnig gengið út frá tilteknum kennslufræðilegum einkennum.

### *Byrjendalæsi - læsislíkan*

Byrjendalæsi er byggð á samvirkum aðferðum þar sem litið er svo á að lesari noti samtímis þann orðaforða sem hann býr yfir og þekkingu á rithætti, merkingu orða og setningarfræði (Rumelhart, 1985). Aðferðin gerir ráð fyrir að lærðómsferlið hjá nemendum sé yfirleitt frá merkingarlegri heild til einstakra atriða og aftur til merkingarlegrar heildar, eða í stórum dráttum sem hér segir: Nemendur lesa eða hlusta á merkingarbæran texta, sögu eða almennan fróðleik. Eftir lestur og umræður snúa þeir sér svo að mismunandi viðfangsefnum sem varða ritmálið

ra spurninga sem vaknað spróunar sem gætu styrkt a sem hér eru taldir upp

erslur fræðasamfélagsins vort breytingaverkefni er ífra? Er umfang Byrjenda-

enningar í próunarstarfi? Íða krafta innanhúss þarf Hefur forysta skólastjóra is? Geta ráðgjafar Háskólar í Byrjentalæsiskólum? Þó árangur þróunarstarfs mati sem lögð er áhersla

í inngangs er stutt kynnpess. Þar næst koma þríka og spurninga þar að

· yfir lestur, ritun, hlustun etta fernt sampætt. Litið er í skilnings þar sem nem i snýst því eðli máls sam líkaninu er einnig gengið

ítið er svo á að lesari noti ingu á rithætti, merkingu erir ráð fyrir að lærdóms-ild til einstakra atriða og sem hér segir: Nemendur ennan fróðleik. Eftir lestur efnunum sem varða ritmálið

og tengda þætti, svo sem lesskilning, samband stafs og hljóðs, samhljóðasambond, mismunandi upphaf sögugerðar og svo framvegis, og nýta þann grunn sem textinn gefur þeim til að leysa viðfangsefnin. Loks vinna þeir að samantekt og nýmyndun, oftast í formi texta sem er skrifaður, teiknaður, lesinn upp eða leikinn. Þau sjónarmið og gildi sem Byrjentalæsi byggist sérstaklega á koma úr ýmsum áttum og hljóma þau flest kunnuglega í eyrum kennara. Þau eru sem hér segir (Rósa Eggerts dóttir, 2007; Rósa Eggerts dóttir, 2009 og Rósa Eggerts dóttir, Jenný Gunnbjörns dóttir og Þóra Rósa Geirs dóttir, 2010):

- Sampætting tals, hlustunar, lesturs og ritunar er grundvöllur árangurs í lestrarnámi. Vinna þarf jöfnum höndum með samband stafs og hljóðs, hraða og öryggi, lesskilning og textagerð. Fyrir vikið eru hljóðvitund, réttiritun, skrift, orðaforði, bygging setninga og málfræði sampætt í verkefnum en ekki unnið með þau hvert í sínu lagi.
- Mikilvægt er að tileinka sér orðaforða enda er hann undirstaða góðs skilnings.
- Vel skrifaðar barnabækur eru lagðar til grundvallar kennslunni og efnið rætt ítarlega. Hér eru því ekki notaðar einfaldaðar kennslubækur (sjá Meek, 1988).
- Öll tæknileg vinna grundvallast á þeim efniviði sem felst í textanum. Lykilord úr honum eru nýtt til að leggja inn alla helstu tæknilega þætti læsínámsins.
- Því meira sem nemendur fást við læsistengd verkefni þeim mun meiri líkur eru á árangri.
- Nemendur koma með misjafna þekkingu til leiks í læsínámið. Þeir þurfa því bæði að geta lært saman og fengið ögrandi viðfangsefni. Gengið er út frá því að námsþörfum allra nemenda sé mætt í almennri kennslu. Séu þarfir nemenda miklar er leitast við að koma á tveggja kennara kerfi.
- Gengið er út frá því að slakan árangur eða árangursleysi megi frekar rekja til ófullnægjandi kennslu en vanda barnsins.
- Lögð er áhersla á stigskiptan stuðning (*e. scaffolding*), ekki síst með sýnikennslu í því skyni að nemendur læri margvísleg vinnubrögð sem eru líkleg til að hjálpa þeim að verða glöggir og sjálfstæðir lesendur.
- Læsínámið þarf að gefa möguleika á skapandi hugsun og tjáningu.
- Læsínámið þarf að bjóða upp á samskipti við aðra og vera skemmtilegt, með virkri þátttöku nemenda, í gegnum leiki, spil og fleira.
- Kennrar safna upplýsingum um hvernig nemendum gengur í daglegu starfi sínu. Í stað þess að leiðréttu strax og láta nemendur endurvinnina verkefni leggja kennrarar fyrir þá ný verkefni þar sem nemendur sem þörf hafa á fá ítarlega leiðsögn og tækifæri til að æfa sig þar til þeir hafa náð fullu valdi á verkefninu.

*Byrjendalæsi - stuðningur við kennara*

Vegna þess hve umfang Byrjendalæsis er mikil hefur verið mótað tveggja ára starfsþróunarlíkan fyrir kennara sem eru að læra að beita aðferðinni. Að grunni til er líkanið það sama og notað var í tveggja ára starfendarannsókn kaflahöfundar (Rósa Eggerts Þóttir, 1995) á innleiðingu söguáðferðarinnar (e. Storyline). Líkanið var byggt á starfsþróunarlíkönum Joyce og Showers (1988) og Fullan og Stieglbauer (1991) og kenningum Ivor Davies (1981) um námsferlið, en hann telur að nám hafi ekki átt sér stað fyrr en nemandinn getur nýtt sér það sem hann hefur lært. Starfsþróunarlíkan Byrjendalæsis líkist að mörgu leyti starfendarannsóknum þar sem gögn af vettvangi kennslunnar eru notuð sem efniviður til ígrundunar og frekara náms. Reynsla höfundar af því að innleiða verkefnið *Aukin gæði náms – AGN* (Rúnar Sigþórsson og Rósa Eggerts Þóttir, 2006), sem stóð í átta ár, og ekki síður almenn starfsreynsla sem ráðgjafi við breytingastarf í skólum um árabil, síður almenn starfsreynsla sem ráðgjafi við innleiðingu aðferðarinnar. Skólar sem hefur einnig haft mótagið áhrif á starfsþróunarlíkan Byrjendalæsis. Skólar sem vilja taka aðferðina upp í samvinnu við MSHA þurfa að skuldbinda sig til pátttöku í starfsþróun í að minnsta kosti eitt ár en þó er mælt með tveimur árum.

Stuðningur við kennara í Byrjendalæsi er fjölþættur og má þar nefna beina fræðslu kennara, vettvangsheimsóknir með stuðningsfundum í kjölfarið, félagsstuðning, tengsl milli skóla og útgáfu fræðilegs og hagnýts efnis. Í fyrstu veittu ráðgjafar frá MSHA kennurum ráðgjöf við innleiðingu aðferðarinnar. Í hverjum skóla var oddviti eða umsjónarmaður sem annaðist meðal annars samskipti við ráðgjafa á milli heimsókna. Pégar pátttökuskólum sem voru landfræðilega fjarri Háskólanum á Akureyri tók að fylga var komið á tveggja ára námi fyrir leiðtoga til að annast ráðgjöfina en þeir njóta handleiðslu frá ráðgjöfum MSHA. Leiðtogarnir eru oftast starfsmenn viðkomandi skóla en meðal þeirra eru líka starfsmenn skólaskrifstofu, sem sinna þá gjarnan kennurum í fleiri en einum skóla. Námskrá fyrir kennara og leiðtoga liggur til grundvallar stuðningi umrædd tvö ár en of langt mál er að lýsa henni hér. Í grófum dráttum er skipulag stuðnings við leiðtoga og kennara sem hér segir:

- Á fyrsta ári er haldið tveggja daga námskeið í ágúst og fimm hálfsdagsnámskeið yfir veturninn. Vettvangsheimsóknir ráðgjafa eða leiðtoga eru átta yfir veturninn og um leið eru haldnir jafnmargir fundir.
- Á seinna ári er haldið dagsnámskeið í ágúst og fimm hálfsdagsnámskeið yfir veturninn.
- Vettvangsheimsóknir ráðgjafa eða leiðtoga eru sex yfir veturninn ásamt jafnmögum fundum.
- Almennur stuðningur við kennara og leiðtoga er margvíslegur:
  - Stuttir samvinnufundir kennara í 1. og 2. bekk með leiðtogum eru reglulega haldnir í skólum.
  - Allir kennrarar og leiðtogar hafa aðgang að Moodle-samskiptavefnum

r verið mótað tveggja ára ta aðferðinni. Að grunni til darannsókn kaflahöfundar inar (e. Storyline). Líkanið 1988) og Fullan og Stiegelsmsferlið, en hann telur að tt sér það sem hann hefur leyti starfendarannsóknum efniviður til ígrundunar og kefnið *Aukin gæði náms* – sem stóð í átta ár, og ekki aðstarf í skólum um árabil, Byrjentalæsis. Skólar sem skuldbinda sig til þátttöku neð tveimur árum.

ir og má þar nefna beina fundum í kjölfarið, félagsignýts efnis. Í fyrstu veittu aðferðarinnar. Í hverjum neðal annars samskipti við n voru landfræðilega fjarri zgja ára námi fyrir leiðtoga ráðgjöfum MSHA. Leiðtogi þeirra eru líka starfsmenn eiri en einum skóla. Nám uðningi umrædd tvö ár en er skipulag stuðnings við

úst og fimm hálfsdagsnámsfa eða leiðtoga eru átta yfir lir.  
g fimm hálfsdagsnámskeið ex yfir veturinn ásamt jafn- er margvíslegur:  
bekk með leiðtogum eru Moodle-samskiptavefnum

þar sem finna má fjölbreytt efni, tengt læsiskennslu, þar á meðal kennsluáætanir sem koma frá ráðgjöfum MSHA og kennurum.

- Kennrarar og leiðtigar fá í hendur fjölpætt efni um læsi og kennslufraði, flest óútgefin handrit. *Byrjentalæsisblaðið* (2007–2010) er á vef MSHA og er aðgengilegt fyrir alla. Enn fremur fá skólar í hendur fraðslumynd um Byrjentalæsi á diskri (Rós Eggertsldóttir, 2007).
- Ráðgjafar MSHA heimsækja skóla þar sem leiðtigar starfa tvívar hvorn veturn. Byrjentalæsisráðstefna er haldin annað hvert haust á Akureyri á vegum MSHA.

Sem fyrr segir tekur nám leiðtoga two veturn. Þeir sækja námskeið í sex daga fyrri veturinn en fimm daga þann seinni. Leiðtigar sitja einnig öll námskeið sem þeirra kennrarar sækja. Ráðgjafar og leiðtigar ræðast reglulega við og ekki sjaldnar en nemur fjölda vettvangsatugana. Fyrir hvert samtal sendir sérhver leiðtogi ráðgjafa MSHA greinargerð eftir vettvangsheimsóknir og fundi með kennurum. Ráðgjafinn ræðir síðan í síma við leiðtogann um greinargerðirnar og leiðbeinir honum um næstu skref.

Ef þetta verklag dugar ekki einstökum kennurum eða kennarahópum er reynt að finna leiðir til að auka stuðninginn við kennara og/eða leiðtoga. Dæmi um slíkt eru heimsóknir í aðra skóla þar sem kennararnir fá tækifæri til að fylgjast með öðrum Byrjentalæskennara að störfum. Mörg dæmi eru einnig um að leiðtogi aðstoði kennara við að semja vel útfærðar kennsluáætanir og skipuleggja með þeim stöðvavinnu þar sem nemendur vinna að mismunandi viðfangsefnum eftir þörfum.

## MEGINSJÓNARMIÐ INNAN FRÆÐASVIÐSINS GAGNVART STARFSPRÓUN

Hvati starfspróunar í skólum er viljinn til að ná betri árangri í skólastarfi. Nám og kennsla snúast um samskipti sem eiga að leiða til þess að nemendur geti þroskast og blómstrað og það er hlutverk bæði heimila og skóla að sjá til þess að svo geti orðið.

Hugtökin starfspróun og breytingastarf haldast í hendur og eru gagnvirk. Breytingastarf (e. improvement, innovation, reform) víesar til markmiða með umbótum, áætlunar þar um, framkvæmdar og mats en Hopkins, Ainscow og West (1994) skilgreina það sem leið til að breyta menntun þannig að hún eflí árangur nemenda og auki hæfni skólans til að koma slíkum breytingum í höfn.

Að mati Sparks og Hirsh (1997) er starfspróun leið að ákveðnu marki fremur en markmið í sjálfu sér. Hún víesar til starfstengds náms kennara og beinist að nýjum viðhorfum, þekkingu og færni til að koma á breytingum (Sparks og Loucks-Horsley, 1989). Guskey (2002) er á svipaðri skoðun og segir að raunveruleg

starfsþróun sé lærðómsferli sem byggist á skýrum markmiðum þar sem fram koma einnig viðmið fyrir inntak og námsgögn, þróun vinnuferla, lýsingu á leið-sagnarmati meðan á innleiðingu stendur og lokamati. Samkvæmt þessu teldist röð af óskyldum verkefnum sem hvorki hafa skýran tilgang né stefnu ekki vera starfsþróun. Dæmi má nefna af yndislestri. Kennari gæti látið nemendur lesa daglega í hljóði í bókum sem þeir hafa valið sér sjálfir. En hafi slíkt verkefni ekki skýr markmið um árangur, það er hvernig hann skuli metinn út frá tilteknum við-miðum, er ekki um eiginlegt starfsþróunarverkefni að ræða samkvæmt Guskey, jafnvel pótt ýmsum nemendum kynni að fara fram á tímabilinu.

David Hargreaves (2003) bendir á áhugaverðar hliðar breytingastarfs. Hann gerir verulegan greinarmun á umbótastarfi (*e. improvement*) annars vegar og umbreytingastarfi (*e. radical change; transformation*) hins vegar. Umbótastarf segir hann vera fólgjóð í því að styrkja þá starfsemi sem fyrir er í skólanum. Þá er þeim línum sem þegar hafa verið lagðar fylgt og engar róttækar breytingar gerðar á skipulagi eða menningu innan skólangs. Umbreytingastarf kallar á hinn bóginn á breyttar aðferðir í námi og kennslu og viðari skilningi á því hvað felst í því að vera menntaður. Umbreyting felur í sér nýja starfshætti sem eru frábrugðnir þeim sem hafa tíðkast. Í slíku starfi er sight á móti straumnum, annars væri ekki um umbreytingastarf að ræða.

Áhugavert er að velta því fyrir sér hvort Byrjentalæsi flokkist undir umbótæða umbreytingastarf. Í flestum skólum myndi það flokkast undir umbreytingu þar sem hljóðlestraraðferðin, öðru nafni hljóðaaðferðin, hefur verið ríkjandi kennsluaðferð í fyrstu bekkjum grunnskólans (Auður Magnús Leiknisdóttir, Hrefna Guðmundsdóttir, Ágústa Edda Björnsdóttir, Heiður Hrund Jónsdóttir og Friðrik H. Jónsson, 2009). Samanburður á hljóðaaðferðinni (Helga Magnúsdóttir, 1987) og Byrjentalæsinu sýnir að það síðarnefnda er í flestu frábrugðið hefð-bundinni lestrarkennslu eins og hún hefur tíðkast í meira en hálfu öld hérlandis. Kennrar sem innleiða Byrjentalæsi þurfa að tileinka sér öðruvísí þankagang og nálgast kennsluna og skipulag hennar á allt annan hátt en með hljóðaaðferðinni. Má þar nefna kennslu sem gengur frá heild, til eindar og aftur til heildar, kennslu án eiginlegra námsbóka og vinnubóka, flókna áætlanagerð, stigskiptan stuðning, samvinnunám, athafnamiðað nám og námsaðlögun, auk góðrar þekkingar í læsisfræðum, það er lestri, ritun, tali og hlustun.

Byrjentalæsi á meira sammerkt með málheildaraðferðinni og LTG-aðferðinni en hljóðaaðferðinni (Póra Kristinsdóttir, 2009). Hafi þessar aðferðir verið ráðandi í kennslu kann vel að vera að innleiðsla Byrjentalæsis væri álitin umbótastarf fremur en umbreytingastarf.

Hargreaves (2003) telur að umbreytingar í skólastarfi komi ekki af sjálfu sér heldur standi skapandi og kjarkmiklir forystumenn fyrir henni. Hargreaves nefnir það ekki sérstaklega en væntanlega geta kennrar allt eins tekið slíka forstu og formlegir leiðtogar. Hann segir að vænta megi andstöðu úr ýmsum áttum vegna þess róts sem kemst á og hversu viðtæk áhrif breytingarnar geta haft. Breytinga-

arkmiðum þar sem fram vinnuferla, lýsingu á leiðum. Samkvæmt þessu teldist lengang né stefnu ekki vera gæti látið nemendur lesa En hafi slikt verkefni ekki letinn út frá tilteknum viðræða samkvæmt Guskey, mabilinu.

þar breytingastarfs. Hann nent) annars vegar og um: vegar. Umbótastarf segir er í skólanum. Þá er þeim tækur breytingar gerðar á arf kallar á hinn bóginn á i á því hvað felst í því að sem eru frábrugðnir þeim um, annars væri ekki um

esi flokkist undir umbótakkaðast undir umbreytingu ðin, hefur verið ríkjandi ur Magnús Leiknisdóttir, eiður Hrund Jónsdóttir og inni (Helga Magnúsdóttir, í flestu frábrugðið hefðra en hálfá öld hérlendis. Ær öðruvísi þankagang og en með hljóðaaðferðinni. Í aftur til heildar, kennslu íagerð, stigskiptan stuðnun, auk góðrar þekkingar í

erðinni og LTG-aðferðinni ssar aðferðir verið ráðandi sis væri álitin umbótastarf

fi komi ekki af sjálfa sér r henni. Hargreaves nefnir eins tekið slíka forstu og Úr ýmsum áttum vegna arnar geta haft. Breytinga-

starf veltur á því mjög á félagslegrí uppbyggingu og menningu innan skóla. Skóli sem er framsækinn verður að skapa og viðhalda menningu þar sem umbreyting er liður í daglegu starfi, segir Hargreaves. Gera má ráð fyrir að umbreytingastarf taki fimm til tíu ár að festast í sessi en umbótastarf tvö til fjögur ár (Fullan, 2007). Að því gefnu að Byrjentalæsi sé umbreyting en ekki einungis umbótastarf má ætla að tveggja ára skipulagður stuðningur við innleiðingu sé of stuttur tími og að betra væri að lengja hann, þótt vitaskuld yrði eðli og inntak stuðningsins ekki eins allan tímann. Erfitt er þó að segja til um hvort innleiðing Byrjentalæsis sé vanmetin að umfangi. Yfirleitt veita skólar margvíslegan stuðning við framkvæmd verkefnisins með mönnun og námsgönum en upplýsingar liggja ekki fyrir um hvers konar stuðningur er veittur innan skóla eftir að formlegum stuðningi MSHA lýkur. Velflestir skólar hafa fjárfest í menntun leiðtoga sem væntanlega er ætlað að veita kennurum Byrjentalæsis áframhaldandi stuðning. En fleira þarf að koma til svo vel gangi. Tiltekin grunnskilyrði þurfa að vera fyrir hendi innan skólanna til að áhrif breytingastarfsins verði varanleg:

- Gert sé ráð fyrir að ferlið nái yfir langan tíma.
- Skilvirk samvinna sé innan skólans, svo sem í teymum.
- Lausnaleit kennara sé samvirk, og leiði til starfsmögnunar (*e. synergy*).
- Áhersla sé lögð á hagnýtingu og hvernig laga megi nýjungrar að aðstæðum sem fyrir eru í skólanum.
- Tengsl séu við raunverulegt skólastarf og verkefnið njóti stuðnings innan skólans.
- Fjölpættar námsleiðir séu í boði fyrir kennara; ein leið hentar ekki öllum.
- Breytingar miði að framförum. Þær byggist á rannsóknum þar sem gögn sýna hvernig nemendum gengur.

(Fogarty og Pete, 2009/2010)

Fullan (2007) fullyrðir að hvorki sjálfsprottið breytingastarf né breyting með valdboði að ofan geti verið til bôta. Þess vegna er lykilatriði að stofnanir fái aðstoð við umbreytingu í formi samvinnu milli skólamanna og ráðgjafa utan skólans (Caine og Caine, 1997). Byrjentalæsi er ótvírætt aðfengið verkefni. Uppbygging þess er skýr og ákveðin sýn er á nám nemenda og námsreynslu. Hvort Byrjentalæsi sé tilbúið og aðfengið ætti því samkvæmt þessu ekki að skipta máli heldur hvernig skólinn vinnur að því að fá stuðning starfsfólksins við verkefnið enda liggar ákvörðun um þátttöku í verkefninu hjá skólunum sjálfum.

Í nýlegum skrifum um skólapróún er lögð meiri áhersla en áður á samvinnu kennara í breytingastarfi og að það sé þannig úr garði gert að nemendur hafi beinan ávinning af því. Mesta nýlunden eru skrif Hargreaves um umbótastarf og umbreytingastarf sem fyrr er getið um. Reyndar er það svo að samkvæmt Guskey (2003) hafa fræðimenn ekki komið sér saman um einkenni áhrifaríkrar starfspróunar. Hann skoðaði lista þrettán fræðimanna yfir einkenni áhrifaríkrar

starfsþróunar og komst að þeirri niðurstöðu að fræðaheimurinn hefði komið sé saman um hvað það sé í raun sem leiði til mikils árangurs. Einnig kom í ljós að misjafnlega var staðið að framkvæmd og menn lögðu ekki sömu merkingu í hugtakið „áhrifaríkur“ í tengslum við starfsþróun. Af þessu má fyrst og fremst álykta að menn séu enn að leita leiða til að forma og meta árangur breytingastarfs.

### SKÓLAMENNING OG FORYSTA

Menning er afurð félagslegra samskipta (Stenhouse, 1975). Hver og einn lærir þá menningu sem ríkir í því félagslega umhverfi sem hann lifir og hrærist í. Með því að vera virkur í starfi hóps gengur viðkomandi inn í menningu hans. Þetta á einnig við um menningu innan bekkjar og skóla. Bean (2003) hefur leitast við að skilgreina hvað felst í hugtakinu skólamenning og komist að þeirri niðurstöðu að það samanstandi af fjórum flokkum sem hver um sig hefur nokkra undirþætti:

- Fólkid sem myndar samfélagið: börn, kennarar, annað starfsfólk, skólastjóri, foreldrar.
- Gildi og skoðanir: skynjun á tilgangi, sýn og köllun, sameiginleg gildi, saga skólans.
- Ferlar: viðhorf til náms, samstarf, samskipti/fagmennska í samtölum, tengsl og samkennd, ígrundun.
- Starfsskilyrði: umhverfi skólans, stærð skóla og bekkjardeilda, bjargir, ytri öfl.

(Bean, 2003)

Allir þessir þættir hafa samkvæmt Bean áhrif á menninguna og verða einnig fyrir áhrifum af henni. Flokkarnir fjórir skarast en áhrif einstakra þátta eða aðila vega misþungt. Mest áhrif nemenda telur hún liggja í uppfyllingu þeirra þarfa sem skólinn þarf að hafa talsvert fyrir að mæta. Samhlíða innleiðingu nýrrar þekkingar, leikni og viðhorfa þarf að vinna að breytti skólamenningu og skipulagi skóla (Sparks og Hirsh, 1997). Breyting á skólamenningu er hið raunverulega takmark breytingastarfs hvert sem það er en þáttur menningar í breytingastarfi felst í íhlutun í þær félagslegu aðstæður sem eru fyrir hendi í kennslustofum og skólanum öllum (Fullan og Stigelbauer, 1991). Geri breytingastarf ráð fyrir óbreyttri skólamenningu er betur heima setið en af stað farið. Hopkins, Ainscow og West (1994) taka svo djúpt í árinni að skólamenning sé lykill að árangursríku breytingastarfi.

Breytt menning þarf ekki einungis að ná til skólans sem stofnunar heldur inn í skólastofnar og út fyrir skólann til skólaumdæma og háskóla. Aðgerðir til að breyta menningu geta falist í auknu svigrúmi fyrir kennara að vinna saman. Sem dæmi má nefna að ef færmin til að stíga ný skref í samvinnunni er ekki til staðar verður aukinn samstarfstími gagnslítill (Fullan, 2007).

heimurinn hefði komið sé angurs. Einnig kom í ljós að ekki sömu merkingu í hugu má fyrst og fremst álykta irangur breytingastarfs.

1975). Hver og einn lærir hann lifir og hrærist í. Með n í menningu hans. Petta á i (2003) hefur leitast við að nist að þeirri niðurstöðu að hefur nokkra undirþætti:

ar, annað starfsfólk, skóla-köllun, sameiginleg gildi, nennska í samtölum, tengsl ; bekkjardeilda, bjargir, ytri (Bean, 2003)

nguna og verða einnig fyrir stakra þátta eða aðila vega þfyllingu þeirra þarfa sem a innleiðingu nýrrar þekk-þlamenningu og skipulagi ningu er hið raunverulega menningar í breytingastarfi yfir hendi í kennslustofum Þeri breytingastarf ráð fyrir að farið. Hopkins, Ainscow ng sé lykill að árangursríku

s sem stofnunar heldur inn og háskóla. Aðgerðir til að inara að vinna saman. Sem nvinnunni er ekki til staðar

Í umbreytingastarfi skiptir öllu máli að kennrarar stefni að sama marki og séu jákvædir gagnvart verkefninu. Slíkt er þó ekki fast í hendi. Nýjar hugmyndir og viðhorf geta fallið að því gildismati sem fyrir er í skólanum en geta einnig ógnað því sem hefur verið viðtekið innan stofnunarinnar eða hluta hennar. Menning getur þannig stjórnast af viðhorfum sem standa framförum fyrir þrifum (Carrington og Robinson, 2006).

Viðhorf eru ekki meðfædd heldur lærð (Banerjee, 1984). Þau móttast við félagslegar aðstæður út allt lífið. Þegar einstaklingar finna að viðhorf þeirra og annarra fara saman getur það haft mikil og jákvæð áhrif. Á hinn bóginn getur það kallað fram neikvæðar tilfinningar að eiga ekki samleið með ráðandi öflum og þær geta hæglega leitt til formlegrar andspryrnu einstaklings eða hóps og orðið að hindrun fyrir breytingastarf (Mullins, 2005).

Þegar viðhorf til breytingastarfs eru neikvæð er nauðsynlegt að grafast fyrir um ástæður þess. Banerjee (1984) telur að hindranir gegn breytingum stafi af fyrri skuldbindingum, misrämi sem bundið er skólastarfinu eða ófullnægjandi eða jafnvel röngum upplýsingum og bendir á ýmsar leiðir til að vinna með viðhorf starfsmanna, svo sem að

- gera upplýsingar um starfið, skilyrði, framtíðarsýn o.fl. aðgengilegt,
- kynna fyrir viðkomandi eitthvað af nýjum möguleikum,
- draga úr togstreitu og áhyggjum eða losna við þær,
- gera starfsmönnum ljóst hvað neikvæð viðhorf geti haft í för með sér,
- tengja neikvæð viðhorf við önnur sem eru ánægjuleg,
- grípa til aðgerða til að vekja áhuga; þær gætu verið laumatengdar en einnig falið í sér möguleika á þáttöku í einhverju áhugaverðu, ánægjuleg sam-skipti o.s.frv.

(Banerjee, 1984)

Mikilvægur liður í undirbúningi fyrir hvert breytingaverkefni er að stilla saman strengi þeirra sem eiga að koma á breytingunum. Þá er ekki síður mikilvægt að leggja vinnu í að styrkja jákvæð viðhorf eftir að kennrarar hafa lagt af stað með verkefnið og álagið er farið að segja til sín.

Þegar unnið er að því að breyta viðhorfum er nauðsynlegt að átta sig á mikilvægi þess að stuðla að því að hin nýju viðhorf verði varanleg (Mullins, 2005). Þar sem menning í bekkjum og skólanum sem stofnun er félagslegs eðlis þarf að vinna markvisst að því að skapa sameiginlegan skilning á því sem stendur til að breyta og hvernig haga skuli starfinu svo vel takist til. Sífelld sameiginleg lausnaleit hefur gagnvirk áhrif og er ávísun á sameiginlegan skilning.

Hlutverk skólastjórans er afar mikilvægt við móttun skólamenningar. Hann gefur tóninn og sem forystumaður leiðir hann framfarir og finnur aðferðir til að virkja það besta í öllum. Forysta er ekki hlutverk sem skólastjóri fer í annað slagið heldur er hún sívirk og myndar farveg fyrir sýn skólans á framtíðina. Fær

forystumaður dreifir umsjón og ábyrgð, en pekkir hvern kima innan sinnar stofnunum og er næmur á hvað og hvenær þarf að bæta skilyrði og styrkja sitt fólk til góðra verka.

En styrk forysta skólastjóra er ekki síður brýn þegar skólinn er að búa sig undir umbreytingar. Hann þarf að sjá til þess að skólamenningin sé tilbúin að takast á við breytingarnar og álagið sem þeim fylgir. Þessi tími undirbúnings fyrir breytta skólamenningu er góð fjárfesting og getur skipt sköpum fyrir framhaldslíf nýrra starfshátta, einkum eftir að formlegum stuðningi við umbreytingastarfið lýkur.

Skólastjórum kann að finnast þeir einangraðir og hafa lítið eða ekkert bakland. Þegar þannig er í pottinn búið þurfa þeir að mynda tengsl við annan eða aðra skólastjóra sem hann getur talað við í trúnaði. Enn fremur er mikilvægt að hann geti leitað til ýmissa sérfræðinga til ráðuneytis við störf sín. Eilers og Camacho (2007) segja frá skóla þar sem árangur nemenda hafði verið mjög slakur. Nýr skólastjóri var ráðinn og hann setti sér þrjú markmið:

- Að koma á lærðómsmenningu meðal kennara (*e. learning communities*).
- Að sýna sinn eigin samvinnutengda forystustíl með því að læra sjálfur í gegnum samvinnu.
- Að nota þekkingu á starfsháttum studdum rannsóknum og hafa aðgang að slíkri þekkingu.

Skólastjórinн sótti sér stuðning sérfræðinga utan skólans. Hann taldi breytingu á skólamenningu algjört skilyrði fyrir því að hrinda af stað kröftugri námskrá, kennslu og mati á árangri og vann sér í haginn (*e. pro-active*) með því að reyna að sjá fyrir um þróun og viðbrögð. Hann var í fararbrotti með skýra sýn og vann samtímis að mörgum þáttum – skipulagði sameiginlegan undirbúningstíma fyrir kennara, vann að því opinskátt að koma á menningu þar sem stuðningur í starfi væri álitinn sjálfsagður, gerði kennurum kleift að fara í vettvangsathuganir í öðrum skólum og því um líkt. Hann vann einnig ötllega gegn því að kennarar fyndu afsökun fyrir árangursleysi í bakgrunni nemenda og var talsmaður þess að miklar væntingar skiliðu góðu starfi. Að tveimur árum liðnum hafði skólamenningin breyst en þegar rannsóknin hófst var skólinn í upphafsstöðu samkvæmt eftirfarandi viðmiðum skólayfirvalda:

1. Upphafsstáða. Lítill samvinna kennara um kennslu, vottur að teymamynndun, lítið um fagleg vinnubrögð, slakur stuðningur stjórnenda og lítið samþand við skólastkrifstofu.
2. Fyrstu skref tekin. Takmörkuð reynsla af samvinnu um kennslu, vottur af skipulagi um starfsskilyrði, s.s. tími fyrir samvinnu forystumanna og starfshópa um kennslu og sóst eftir stuðningi að eigin frumkvæði til skólastkrifstofu.

ern kima innan sinnar stofn-cilyrði og styrkja sitt fólk til

skólinn er að búa sig undir ningen sé tilbúin að takast á i undirbúnings fyrir breytta sum fyrir framhaldslíf nýrra umbreytingastarfíð lýkur. Ífa lítið eða ekkert bakland. tengsl við annan eða aðra emur er mikilvægt að hann örf sín. Eilers og Camacho ífði verið mjög slakur. Nýr

(e. learning communities). I með því að læra sjálfur í skónum og hafa aðgang að

þórans. Hann taldi breytingu af stað kröftugri námskrá, o-active) með því að reyna rbroddi með skýra sýn og iginlegan undirbúnningstíma ningu þar sem stuðningur í Þ fara í vettvangsathuganir í llega gegn því að kennarar la og var talsmaður þess að n liðnum hafði skólamenn-í upphafsstöðu samkvæmt

íslu, vottur að teymamyn-  
gur stjórnenda og lítið sam-

innu um kennslu, vottur af  
ínu forystumanna og starfs-  
jin frumkvæði til skólaskrif-

- Kominn vel áleiðis. Hefur komið á faglegum vinnubrögðum; menning ein-kennist af miklum væntingum, styrk forysta er fyrir hendi og komið hefur verið á samvinnu kennara um kennslu.

Á næstu tveimur árum, undir forystu skólastjórans og með stuðningi frá skóla-skrifstofu, breyttist skólamenningin marktækt í jákvæða átt. Á sama tímabili voru framfarir nemenda meiri en næstu sex árin á undan. Á samræmdu prófi fyrir 3. bekk á fyrsta ári nýja skólastjórans náðu 23% nemenda viðunandi árangri. Í lok annars árs náðu 47% þessu marki. Leiðirnar sem þessi skólastjóri kaus að fara reyndust vera gæfuspor fyrir nemendur hans. Hann hafði ákveðnar hugmyndir sem hann vildi koma í framkvæmd, setti sér markmið, gerði áætlanir og útvegaði sjálfum sér og starfsfólk sínu aðstoð.

Eins og málum er háttáð í Byrjentalæsi er það skólastjóri hvers skóla sem óskar eftir þátttöku í verkefninu. Lögð er áhersla á að Byrjentalæsi sé kynnt ekki síðar en vorið áður en innleiðsla hefst enda er fyrsta námskeið fyrir leiðtoga snemnumsumars. Í líkaninu er gert ráð fyrir fyrir mánaðarlegum samræðum leiðtoga og skólastjóra um framgang verkefnisins. Ráðgjafar ræða venjulega við skólastjóra eða þann sem hann tilnefnir úr stjórnunarteymi tvísvar á hvorum vetri innleiðingar, þ.e. þegar ráðgjafi heimsækir skólan. Það verður að segjast eins og er að sú áhersla sem lögð er í fræðunum á mikilvægi breyttrar skólamenningar með liðsstyrk skólastjóra endurspeglast ekki með beinum hætti í þróunarlíkaninu. MSHA hefur hins vegar skýra stefnu um forystuhlutverk leiðtogans og hvernig hann hefur samband við sinn skólastjóra og leitast við að koma á og leiða samvinnu kennara, sbr. Leiðtogaefni Byrjentalæsis (Rósa Eggerts Þórssdóttir, án útfáfuárs).

Af misformlegum gögnum frá Byrjentalæsskólum á síðustu árum að dæma er ljóst að verkefnið hefur víða haft áhrif á skólamenningu, til dæmis hvað varðar samstarf kennara en einnig eru ýmis dæmi um að skólar vilji halda í starfshætti Byrjentalæsis í 3. og 4. bekk og leita samráðs um með hvaða hætti slíku má koma á.

Vissulega eru skólastjórar margra skóla virkir þátttakendur sem styðja vel við bakið á sínu fólk. En þar sem MSHA hefur ekki sett þessa þætti formlega inn í starfsþróunarlíkanið er hætt við að þátttaka og aðild skólastjórnenda verði misjöfn eftir skólamenningum. Hér er augljóslega verk að vinna fyrir ráðgjafa MSHA í samvinnu við skólastjóra við að þróa verkferla um samskipti þeirra og væntingar um hlutverk stjórnendanna við innleiðingu Byrjentalæsis.

## MAT Á ÞRÓUNARSTARFI

Þrefðimenn er nú á einu máli um að allt breytingastarf þurfi að beinast að auknum námsgæðum nemenda og þar af leiðandi verður gengi nemenda mælikvarði á

árangur breytingastarfsins (Killion, 2008; Guskey, 2000; Hargreaves, 2003; Teddlie, C. og Reynolds, D., Hopkins, D. og Stringfield, S., 2001). Ýmsum þykir einnig skorta á að rannsóknir beinist nægilega að þessum þætti og segja þær frekar hafa beinst að því að skrá ánaðjustuðul kennara, viðhorfabreytingu þeirra eða skuld-bindingu við breytingastarfið í stað þess að rannsaka áhrifin sem starfsþróunin kann að hafa á nám nemenda (Broko, 2004; Loucks-Horsley, Harding, Arbuckle, Murray, Dubea og Williams, 1987; Desimone, 2009). Mat á hvoru tveggja er til staðar í Byrjentalæsinu.

Í Byrjentalæsi eru skimunarpróf sem mæla gengi nemenda þrisvar hvorn veturn eini formlegi matsþátturinn. Annað mat er óformlegra. Það er að hluta til reglubundið þegar leiðtogi situr í kennslustundum og heldur í kjölfarið samráðsfund með viðkomandi kennara. Þeir ræða þá um gæði kennslunnar, frammi-stöðu nemenda og þörf kennara fyrir frekari stuðning við innleiðsluna þangað til leiðtoginn kemur næst. Samskipti leiðtoga og ráðgjafa er önnur leið til mats, annars vegar á gengi kennara og þörfum hans fyrir stuðning og hins vegar þörf leiðbeinandans fyrir stuðning við leiðsagnarhlutverk sitt. Loks má nefna haust-námskeið sem ráðgjafar halda fyrir hvorn árgang og síðast en ekki síst taka umsjónarmenn smiðjanна púlsinn ef svo má segja á páttitakendum í hvert sinn. Ráðgjöfum hefur um nokkurt skeið verið ljóst að þörf er á meiri festu við mat á árangri, ekki síst er varðar umgjörð og viðmið sem kennrarar geta mátað sig og sína nemendur við. Efniðval þessa kafla mótað því af þörf Byrjentalæsis fyrir kynningu á sjónarmiðum um mat á breytingastarfi, verklagi við matið og hverjir eigi að vera aðilar að matinu.

